

Byggðamálaráð

Fundargerð 6. fundar byggðamálaráðs

Fundur haldinn í samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu 18. desember 2019 kl. 13.15

Dagskrá:

1. Sjávarbyggðir. Skilgreining og íbúapróun.
2. Störf án staðsetningar.
3. Brothættar byggðir. Betri Bakkafjörður.
4. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024.
5. Starfsáætlun byggðamálaráðs 2020.
6. Önnur mál.

Mættir: Ágúst Bjarni Garðarsson formaður, Aðalsteinn Þorsteinsson, Hanna Dóra Hólm Másdóttir (á símafundi), Ingveldur Ása Konráðsdóttir, Karl Björnsson, Hermann Sæmundsson og Hólmfríður Sveinsdóttir, sem ritaði fundargerð.

Gestir: Hinrik Greipsson og Jón Þrándur Stefánsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, Elín Valgerður Margrétardóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu og Ingilín Kristmannsdóttir frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sjávarbyggðir. Skilgreining og íbúapróun.

Í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar er kveðið á um mikilvægi þess að efla hinar dreifðu sjávarbyggðir og viðhalda fjölbreytni í vaxtarmöguleikum til að tryggja afkomuöryggi þeirra. Aðgerðin er á ábyrgð atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytis. Hinrik Greipsson og Jón Þrándur Stefánsson mættu á fundinn undir þessum dagskrárlíð og bauð formaður þá velkomna.

Í 8. gr. laga nr. 116/2016 um stjórn fiskveiða er tiltekið að taka skuli frá 5,3% aflaheimilda fyrir úthlutun til aflamarkshafa. Heimildum þessum skal varið til að mæta áföllum til stuðnings byggðarlögum, til línuívilnunar, til strandveiða, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögnum. Hinrik og Jón Þrándur greindu frá starfi starfshóps sem sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra skipaði og hefur það hlutverk að endurskoða meðferð og ráðstöfun aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir. Við þá endurskoðun er hópnum meðal annars falið að líta til þess hvort þeim markmiðum sem að var stefnt með þessum aflaheimildum hafi verið náð og eftir atvikum leggja til breytingar. Þar sem starfshópnum við þessa vinnu að líta til stefnumörkunar ríkisstjórnarinnar þar sem segir að vega þurfi og meta fyrirkomulag þeirra aflaheimilda sem ríkið fer með forræði yfir, þ.m.t. strandveiða, með það að markmiði að tryggja betur byggðafestu og nýliðun. Jafnframt skal starfshópurinn leitast við að tryggja að mögulegar breytingar hámarki virði þeirra verðmæta sem felast í umræddum aflaheimildum. Áætlað er að hópurinn skili tillögum til ráðherra í janúar 2020.

Að beiðni samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins vann Byggðastofnun greinargerð í júní sl. með umfjöllun um sjávarbyggðir sem byggja má á og til að meta áskoranir sem sjávarbyggðir mögulega standa frammi fyrir. Aðalsteinn greindi frá þeirri vinnu þar sem meðal annars kemur fram að eðlilegt

Byggðamálaráð

sé að horfa til sjávarbyggða með undir 1.000 íbúa eða færri þegar skoðað verður hvort og þá með hvaða hætti hægt sé að efla hinar dreifðu sjávarbyggðir.

Gestir yfirgáfu fundinn kl. 13.50.

2. Störf án staðsetningar.

Störf án staðsetningar er ein af aðgerðum á byggðaáætlun (aðgerð B.7) og er markmiðið að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki. Jafnframt kveður sáttmáli ríkisstjórnarinnar á um að ráðuneytum og stofnunum verði falið að skilgreina störf og auglýsa þau án staðsetningar eins og kostur er.

Ríkisstjórnin ákvað í júní sl. að skipa starfshóp til að annast framkvæmd aðgerðarinnar, sem er á ábyrgð fjármála- og efnahagsráðuneytisins. Þriggja kvenna framkvæmdastjórn fer fyrir aðgerðinni og mættu þær Elín Valgerður Margrétardóttir og Ingilín Kristmannsdóttir á fundinn undir þessum dagskrárlíð og bauð formaður þær velkomnar.

Elín Valgerður og Ingilín greindu frá starfi framkvæmdastjórnar verkefnisins. Fram kom að framkvæmdastjórnin hefur fundað með rekstrarstjórum allra ráðuneyta og var mannauðsstjórum í kjölfarið falið að vera tengiliðir við stofnanir sinna ráðuneyta. Unnið er að því að útbúa skapalón sem öllum ráðuneytum og stofnunum ber að skila. Þegar hefur sá árangur náðst að gerð hefur verið breyting á starfatorgi stjórnvalda að nú er hægt að auglýsa störf án þess að tilgreina sérstaka staðsetningu.

Fundarmenn sammála um að aðgerðin er fyrst og fremst byggðaaðgerð og hugmyndafræðin bak við hana er að fjölga atvinnutækifærum á landsbyggðinni. Mikilvægt er að hafa góðar leiðbeiningar þegar kemur að því að auglýsa störf og að velja starfsstöðvar. Byggðastofnun hefur safnað upplýsingum um mögulegar starfsstöðvar og virðist sem nægt framboð sé á húsnaði.

Fulltrúar byggðamálaráðs lýstu yfir ánægju með framgang verkefnisins og binda miklar vonir við framhaldið.

Gestir yfirgáfu fundinn kl. 14.15.

3. Brothættar byggðir. Betri Bakkafjörður.

Rætt var almennt um verkefnið Brothættar byggðir. Í dag eru sjö byggðalög þátttakendur og hefur stjórn Byggðastofnunar samþykkt að bæta því áttunda við. Fjögur byggðalög hafa útskrifast úr verkefninu og eitt til viðbótar mun útskrifast á næstunni. Aðferðafræði verkefnisins byggir á virkni íbúanna á hverjum stað og hefur það reynst vel.

Byggðamálaráð hafði fengið senda verkefnaáætlunina Betri Bakkafjörður og var staðan þar rædd sérstaklega.

4. Framkvæmd byggðaáætlunar 2018-2024.

Fundarmenn höfðu fengið senda skýrslu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra um framvindu stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2018-2024 sem nýverið var lögð fram á Alþingi. Rætt var stuttlega um framgang byggðaáætlunar.

5. Starfsáætlun byggðamálaráðs 2020.

Farið var yfir starfsáætlun byggðamálaráðs fyrir árið 2019. Verkefnisstjóri kynnti drög að starfsáætlun fyrir árið 2020 og mun senda á ráðið. Stefnt að því að kynna starfsáætlun ársins 2020 fyrir ráðherra í janúar.

Byggðamálaráð

6. Önnur mál.

a) Raforkuöryggi

Í ljósi atburða síðustu daga þar sem stórir hlutar landsins voru án rafmagns og fjarskipta lagði formaður til eftirfarandi ályktun sem einróma var samþykkt.

Byggðamálaráð fagnar yfirlýsingu byggðamálaráðherra um mikilvægi þess að byggja upp og treysta raforkukerfið á Íslandi til að tryggja öryggi allra landsmanna. Að öðru leyti tekur byggðamálaráð undir ályktun stjórnar Byggðastofnunar frá því 17. desember 2019 þar sem segir:

„Í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2018–2024 er lýst þeirri framtíðarsýn að Ísland verði í fararbroddi með nútímainnviði, framsækna þjónustu, verðmætasköpun, jöfn lífsgæði og öflug sveitarfélög sem geti annast staðbundin verkefni og veitt íbúum hagkvæma og góða þjónustu með markmið sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi. Í öllum landshlutum verði blómlegar byggðir og öflugir byggðakjarnar þar sem stuðlað verði að bættum líf skjörum landsmanna með sem jöfnustu aðgengi að grunnþjónustu og atvinnutækifærum óháð efnahag og búsetu.

Öryggi í raforkuflutningum og fjarskiptum er ein grunnforsenda til að þessu markmiði verði náð og flutnings- og dreifikerfi raforku þarf að mæta þörfum atvinnulífs og almennings alls staðar á landinu hvað varðar flutningsgetu og öryggi við afhendingu. Samhliða þarf fjarskipta- og samskiptamiðlun að vera tryggð um land allt. Atburðir síðustu daga, þegar stórir hlutar landsins voru án rafmagns og fjarskipta, sýna að miklir veikleikar eru í þessum öryggisinniðum og að stór hluti íbúa landsbyggðanna býr við mikið óöryggi að þessu leyti. Það er með öllu óásættanlegt og ógnar búsetuskilyrðum víða um land.“

Byggðamálaráð hvetur ríkisstjórn Íslands til að beita sér með afgerandi hætti fyrir því að tryggja afhendingaröryggi raforku um land allt.

b) Þingsályktunartillaga um stefnu ríkisins í málefnum sveitarfélaga

Málinu var frestað á síðasta fundi ráðsins og verður aftur fresta til næsta fundar.

c) Næsti fundur

Ákveðið að næsti fundur byggðamálaráðs verði fimmtudaginn 6. febrúar 2020 kl. 13.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.50.